mannútlegt og létt í tali, en nokkut smágjörfara en
austr hjá ykkr, en ekki var laust vit at sumir þar taladi
um ykkr austrbyggjana líkt og menn í Mannheimum
töluðu um tröll og risa, eðr hrímþursa; þat var mikit
gaman at heyra hve hugsun og þjóðarandi var ólíkr,
og kó góðr hjá hvorumtveggjum. — Í Hannover
sýndist mér fólk vera nokkut ófrítt og hrottalegt;
þeir gengu með brennivínspela á brjóstinu eins og
dónar útá Íslandi, og gekk flaskan mann frámanni
í vagninum, og á hverri stöð vóru druknir menn
dátar og bændr og öskruðu ákaflega; þat er gott at kongr
þeirra er blindr svo hann heyrir at eins en sér ekki
ólætin í þeim. Afbragðsvel fell mér þat lítit sem eg
sá í Holstein; þar er hartlegt fólk og alvarlegt; eg taladi
þar vit ymsa menn; eg heyrði engum stökkva hermdar-
yrði til Dana; þeir töluðu fátt í þvi efni en hugsuðu
þegjandi þörfina; engan danskan blaðsnepil sá eg þar og
ekkert danskt vit heyrði eg fyr en eg kom á skipsfjöl. Þat er
at eg held engin þjót sem er hartari og þrautbetri at halda
vit máli sínu en þjótverjar þat sá eg í Elsas og Holsetal.
Mér þótti mikit íllt at eg ekki gal fundit og talat vit
Ahlmann; og hefði getat þeðst af tum um svo mart sem
mér hefði verit gagnat vita.